



Fundargerð

Stjórnarfundur Pyts

Haldinn 22. júní 2020 með fjarfundarhugbúnaðinum zoom og hófst 21:00

Fundinn sátu: Hulda Stefanía Hólm (HH), Jón Kristinn Þórssón (JK), Jóhann Tryggvi Jónsson (JJ), Jóhannes Bergþór Þórarinnsson (JP), Markús Pétursson (MP), Ólafur St. Arnarsson (ÓA), Sigurður Ragnar Guðmundsson (SG), Ríkarður Ólafsson (RÓ)

Dagskrá

1. Fundargerðir síðustu funda bornar fram til samþykktar.

Fundargerðir samþykktar.

2. Staðan á sumarnámskeiðunum

Síðustu tvö námskeiðin byrja 13. júlí. Námskeiðið sem er eftir hádegi er fullt en það sem byrjar fyrir hádegi ekki. Þar er hægt að bæti við sjö krökkum. (MP)

ÓA spurði um kynjahlutföll á námskeiðum. Strákar eru í miklum meirihluta.

ÓA spurði hvort bæta mætti hlutfall stelpna með því að bjóða líka upp á kynjaskipt námskeið. Enginn tók undir það.

ÓA spurði hvernig hækka megi hlutfall stelpna. Ein hugmynd kom fram. Að sjöttabekkarkynningarnar væru ekki eingöngu kynntar af körlum.

Skipuð var nefnd um námskeið næsta árs og er henni ætlað að koma með hugmyndir að hvernig bæta megi námskeiðin. Í henni eru HH, MP, ÓA og RÓ auk tveggja annara sem reynt verður að finna með því að pósta á kænugrubbu Pyts

3. Staðan á gæslubátunum

Í Litli svarti gæslubáturinn þarf að fara í tékk hjá Suzuki umboðinu. Hann hikstar á háum snúningi.

Í stóra eldri bátnum sem ekki lenti í tjóni í fyrra þarf að skipta um sviss.

Báturinn sem lenti í tjóni í fyrra og fór í viðgerð hjá í Viking þarf nýja pulsu. Viðgerðin hjá Víking hugsanlega gölluð.

Nýja gæslubátinn þarf að breyta. Þegar rignir flæðir ekki út úr honum.

Heildarkostnaður um milljón.

Halda þarf utan um viðvöldstíma. Hvort sem það er gert í sjálfböðavinnu eða ekki.

4. Felix

Excel skjali með iðkendum sett inn í Felix í lok júní. (MP og HH)

5. Ábendingarformin

Engar ábendingar bárust.



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

6. Vetrarsamstarf við Brokey og Ými

Fundur á morgun. (MP)

7. Æfingar fyrir 8 til 10 ára aldurshópin

JK ræddi við Gísla H. Friðgeirsson og Pétur Markússon um þriggja tíma æfingar á sunnudögum í vetur. Stefnt á að byrja fljótlega eftir verslunarmannahelgina.

8. Sumarfögnuður Þyts

Stefnt á að halda sumarfögnuð þann 16. ágúst. (JK, JJ og RÓ)

9. Ráðstöfun fjármuna frá bænum

Bærinn leggur til fé til Þyts og annara íþróttafélaga sem ætlaðir eru til að viðhalds á tækjum og laun framkvæmdastjóra. MP og HH finna út úr því hvort hægt sé að fá undanþágur frá þessu til verkefna sem nýst gætu Þyt jafnvel enn betur.

10. Viðhald og bætur á klúbbhúsi

Til er verkefnalisti yfir það sem þarf að bæta og halda við. Fyrir 15. september þarf að uppfæra hann og skila til bæjarins. (MP og ÁÁ)

11. Önnur mál

Möl milli ramps og kayjaksgáma er of gróf fyrir fólk á blautskóm. Það þarf fínni möl. (JK)

Fá lista yfir greiðendur geymslugjalda. (HH)

Nýr háþekjugámur fyrir kayaka til að setja fyrir utan girðingu. (JK og SG)

Átak til að ná til kayakmanna í Hafnarfirði. Leita til Fjarðafretta í þetta skipti. (JK)

22:30 - SG og JK yfirgefa fund.

Fjölskyldugjald - senda bréfpóst á félagi í byrjun september. (HH)

Flotbryggja skemmdist í 30 hnúta vindi í síðustu viku. Yahoo skemmdist. Ekki ljóst hvernig tjón verður bætt. Skútueigendur hræddir um skútur sínar næsta vetur.

ÓA hefur samband við Íþróttafélagið Fjörður um varðandi möguleika á samstarfi.

JJ mundi vilja sjá Þyt geta boðið upp á lengri siglinga og sér fyrir sér að 24-32 feta skúta með gistaðsöðu henti í slíkt.

ÓA reynir að fá Gunnlaug Jónnasson arkitekt og fyrrum ólympíufara í siglingum til gefa álit sitt á framtíðaraðstöðu Þyts.

ÓA spurði um myndadisk sem keyptur var til tímabundinnar geymslu á GoPro efni. Hann hefur ekki nýst sem skildi og er í vörslu MP. JP segir erfitt að finna gamlar GoPro vélar til sölu.

Næsti stjórnarfundur boðaður 5. ágúst klukkan 19:15

Fundi slitið klukkan 22:45